

Skautasamband Íslands

- Viðmið 2017-2018 -

ÍSS gefur út viðmið fyrir val á keppendum í landslið og þátttöku íslenskra keppenda á opnum ISU mótum.

Hlutverk valnefndar ÍSS

Út frá afreksstefnu ÍSS eru unnin viðmið fyrir hvert keppnistímabil. Valnefnd ÍSS hefur það hlutverk að fara yfir árangur keppenda sem koma til álita í afrekshóp, úrvalshóp og hópinn ungir og efnilegir. Nefndin skilar áliti til Skautasambands Íslands um val keppenda á ISU mót og fer yfir umsóknir einstaklinga til þátttöku á mótum.

Viðmið ÍSS 2017-2018

Til að vera gjaldgengur inn í hvern hóp þurfa skautarar að skila eftirfarandi tæknistigum (Technical Element Score, TES):

Afrekshópur	Stutt prógram	Frjálst prógram
*Senior Ladies: 15 ára og eldri	25.00	47.00
Junior Ladies: 13-18 ára	20.00	35.00

* Lágmarksviðmið ISU til þátttöku á ISU Grand Prix.

Í flokkum Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir afrekshóp í bæði stuttu og frjálstu prógram. Ekki þarf að ná viðmiðum fyrir stutt og frjálst prógram á sama móti.

Úrvalshópur	Stutt prógram	Frjálst prógram
Senior Ladies: 15 ára og eldri	17.00	26.00
Junior Ladies: 13-18 ára	17.00	26.00
Advanced Novice Girls: 10-15 ára	12.00	21.00

Í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir úrvalshóp í bæði stuttu og frjálstu prógram á sama móti.

Ungir og efnilegir	Frjálst prógram
Cubs, Springs og Basic Novice A	16.00

Skil á protocolum

Öll protocol frá ÍSS mótum munu sjálfkrafa verða skoðuð og metin. Protocol frá alþjóðlegum mótum og opnum klúbbamótum, sem eru haldin samkvæmt ISU reglum, gilda einnig við skil á viðmiðum.

Til að protocol sé metið skal panell innihalda fimm dómara þar sem einn dómaranna hefur alþjóðleg réttindi. **Senda þarf inn beiðni um mat á protocol og yfirlit yfir dómarapanell á mótinu til Valnefndar frá þeim ISU-, alþjóðlegum- og opnum klúbbamótum sem óskast metin innan viku frá því keppni lýkur.**

Ath! Protocol frá JGP og Norðurlandamóti munu vera metin sjálfkrafa. Skautafélög / þjálfari / keppandi (eldri en 18 ára) / forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á valnefnd@iceskate.is. Afgreiðslutími erinda eru tvær vikur.

Skil á innihaldi prógrama

Advance Novice 2017-2018										
A	B	Má ekki innihalda A eða B			One position			Combination	Spor	
1A/2A	2X frá sporum	3/2	2/3	2/2	Usp2+	SSp2+	LSp2+	(F)CcoSp2+	StSq2+	

Junior 2017-2018										
A	B	Má ekki innihalda A eða B			Flying	One position		Combination	Spor	
2A	2/3 Lz	3/3	3/2	2/3	2/2	FSSp2/3+	LSp2/3+	CSp2/3+	CcoSp2/3+	Stsq2+

Senior 2017-2018										
A	B	Samsetning			*Flying	*One position			*Combination	Spor
2/3A	3X frá sporum	3/3	3/2	2/3	FSp2/3+	LSp2/3+	CSp2/3+	SSp2/3+	CCoSp/3+	StSq2+

* Aðeins ein píróetta má vera level 2

Eftirfarandi gildir fyrir skil á innihaldi prógrama

- 1A/2A/3A verða ekki talin uppfyllt element með value -3, << eða <.
- Önnur stökk með value -3 eða << verða ekki talin sem uppfyllt element nema ef annað sé sérstaklega tekið fram.
- Ef skautari skilar öllum elementum nema einu í stutta prógrammi má sækja eitt element í langt prógram.
- Ef skautari skilar öllum elementum nema einu í löngu prógrammi, má sækja eitt í stutt prógram.
- Ef skautari skilar tvöföldu stökki -3 þar sem nægir að skila einföldu telst það gilt einfalt stökk.
- Ef skautari skilar þreföldu stökki -3 þar sem nægir að skila tvöföldu telst það gilt tvöfalt stökk.

Val í landslið og á ISU mót

Við val keppenda í landslið og/eða á ISU mót er litið til þriggja þátta:

- Uppfyllt viðmið á tæknieinkunn (TES) um afrekshóp/úrvalshóp/ungir og efnilegir
- Skil á innihaldi prógrama. Erfiðleikastig og framkvæmd elementa koma til álita.
- **Þátttaka á Íslandsmeistaramóti er skilyrði.** Skila þarf inn læknisvottorði ef skautari keppir ekki vegna veikinda eða meiðsla.
- Meðaltal af heildareinkunn (Total Score) skilur á milli skautara ef þeir eru jafnir.

Þeir skautarar sem skilað hafa viðmiðum 2017-2018 á síðastliðnu keppnistímabili (2016-2017) eru nú þegar gjaldgengir í sama keppnisflokki. Aðrir skautarar verða gjaldgengir um leið og viðmiðum hefur verið náð.

Þátttaka á ISU mótum

Hægt er að óska eftir því til Skautasambandsins að einstaklingur fái að taka þátt á ISU móti. Þeir keppendur sem hafa náð viðmiðum fyrir Afrekshóp og Úrvalshóp hafa áskilið sér keppnisrétt en aðrir keppendur innan Novice, Junior og Senior A gefst kostur á að sækja um þau mót sem í boði eru til Skautasambands Íslands. Skautafélög/þjálfari/keppandi (eldri en 18 ára)/forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á valnefnd@iceskate.is. Afgreiðslutími erinda eru tvær vikur.

Þátttaka á alþjóðlegum mótum (International/Inter-Club)

Þátttaka íslenskra keppenda á öllum mótum erlendis skal tilkynnast til Skautasambands Íslands.

